

LÖG

um breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 5. mgr. 1. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

8. Forsjármálum.

9. Afhendingarmálum, sbr. lög nr. 160/1995.

2. gr.

Í stað orðanna „og skipulagsfræðinga“ í 22. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: skipulagsfræðinga og raffræðinga.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

51. Leyfi til sölu notaðra ökutækja

a. til fimm ára

25.000 kr.

b. endurnýjun leyfis skv. a-lið

2.500 kr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

a. 4. tölul. orðast svo: Aðgangsheimildir að varnarstöðinni Keflavíkurflugvelli:

a. Að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ásamt þjónustusvæði (svæði 1) og bannsvæði (svæði 3), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002

2.800 kr.

b. Að flotastöð varnarliðsins (svæði 2), sbr. 6. gr. reglugerðar um umferð og dvöl manna á varnarsvæðum, nr. 293/2002

2.000 kr.

b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi:

31. Fyrir friðlýsingu æðarvarpa

5.000 kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.